


Skáld í skólum

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga



Haust 2012

Höfundamiðstöð RSÍ

Með hugann fullan af hetjudraumum



Sígilda dagskráin

Í leikandi og skemmtilegri dagskrá flytja ljóðskáldið Aðalsteinn Ásberg og söngvaskáldið Svavar Knútur brot úr verkum **Steins Steinarrs** og segja frá lífi og list byltingarskáldsins, sem varð með tíð og tíma þjóðareign. Ferill Steins er rakinn í ljóðum og söngvum, enda hafa mörg tónskáld sótt innblástur í verk hans. Ádeila, heimspeki, ást og nútími eru stikkorð sem vísa á skáldið sem átti stærstan þátt í formbyltingu ljóðsins á Íslandi.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson hefur víða komið við allt frá því fyrsta ljóðabók hans *Ósánar lendar* kom út árið 1977. Hann hefur átt gjöfult samstarf við marga tónlistarmenn og sent frá sér fjölda verka fyrir börn og fullorðna, en nýjustu skáldverk hans eru ljóðabækurnar *Segðu mér og segðu...*, 2009, og *Hús eru aldrei ein*, 2011.

Svavar Knútur gaf út fyrstu sólóplötu sína, *Kvöldvöku*, árið 2009, en síðan hefur hann sent frá sér *Ömmu* með þekktum íslenskum sönglögum, dúettaplötuna *Glæður*, ásamt Kristjönu Stefánsdóttur og nýjasta afurð hans er platan *Ólduslóð*, 2012. Hann hefur gert víðreist á undanförunum misserum, komið fram á fjölda tónleika hérlendis og erlendis.

Hentar vel fyrir alla aldurshópa

Lengd dagskár: 40 mínútur

Tækjakostur: Hljóðkerfi ásamt tveimur hljóðnemunum, tölva og skjávarpi.

Frá fyrra ári

Flæði yfir landamæri ljóðsins

Þrátt fyrir nokkurn aldursmun á ljóðskáldunum Antoni Helga Jónssyni og Kristínu Svövu Tómasdóttur brenna sömu spurningarnar á þeim: Hvernig verða ljóð til? Hvar liggja landamæri ljóðsins? Liggja þau einhvers staðar? Skáldin tvö vinna ljóð sín úr margvíslegu efni. Líflægur flutningur ljóða er sameiginlegt áhugamál þeirra og þau hvetja nemendur til að skoða ljóð, yrkja ljóð, flytja hljóð og hljóða ljóð. Einnig kallast þau á við önnur skáld, nota stundum klassísk stílbrögð og stundum ekki, en umfram allt vilja þau láta textann flæða og taka skáldskapinn ekki of alvarlega.

Kristín Svava hefur sent frá sér tvær ljóðabækur, *Blótgælar* árið 2007 og *Skrælingjasýninguna* árið 2011. **Anton Helgi** hefur verið lengur að og vakti fyrst athygli fyrir *Dropi úr síðustu skúr* 1979, en nýlegar bækur hans eru *Ljóð af ættarmóti*, 2010, og *Tannbursti skíðafélagsins og fleiri ljóð*, 2011.



Dagskráin hentar best: 8. – 10. bekk.

Lengd dagskár: 40 mínútur

Tækjakostur: Hljóðkerfi ásamt tveimur hljóðnemunum, tölva og skjávarpi.

Bambínó, Baddi Pá og hinir „svinggæjarnir“



Í samvinnu við

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

Skáldið **Elías Mar** (1924-2007) byrjaði ungur að fást við ritstörf. Hann sló í gegn 26 ára gamall með skáldsögu sinni *Vögguvísu*. Þar lýsir hann lífi reyk-vískra unglunga á raunsannan hátt eins og það var árið 1950. Bókin hefur verið kölluð „fyrsta Reykjavíkursagan“ og jafnvel „fyrsta unglingasagan“. Þar segir frá nokkrum dögum í lífi Bambínó. Mamma hans kallar hann ennþá Bjössu sinn en hann hugsar ekki um annað en að djamma og ganga augun á Badda Pá og öðrum „svinggæjum“ og missir smám saman tókin á tilverunni. Elías sendi frá sér *Sóleyjar sögu* nokkrum árum síðar en eftir það þagnaði hann að mestu en starfaði lengi við að lesa yfir og lagfæra það sem aðrir skrifuðu. Margir hafa velt því fyrir sér hvers vegna svo frábær höfundur hætti að skrifa; sumir kenna það vonbrigðum með viðtökur, aðrir tengja það við tvíkynhneigð Elíasar, að hann hafi ekki getað tjáð slíkar tilfinningar án þess að eiga ofsóknir og útskúfun á hættu og því fremur kosið að þegja.

Rithöfundurinn **Guðmundur Andri Thorsson** fjallar um Elías Mar og *Vögguvísu* með myndrænu og tónvænu ívafi, en einnig segir hann frá persónulegum kynnum sínum af mannum langa og mjóa.

Guðmundur Andri Thorsson er íslenskfræðingur að mennt og hefur starfað lengi sem prófarkalesari og ritstjóri hjá bókaútgáfum. Fyrsta skáldsaga hans, *Min káta angist*, kom út 1988 og síðan hefur hann sent frá sér fimm aðrar skáldsögur, síðast *Valeyjarvalsinn* 2011. Hann hefur um árabíl skrifað reglulega pistla í blöðin og haft umsjón með vinsælum útvarpsþáttum.

Dagskráin hentar 9. – 10. bekk

Lengd: 40 mínútur.

Tækjakostur: Hljóðkerfi ásamt tölva og skjávarpa



Sveimað um heima og geima

Sigrún og **Þórarinn Eldjárn** hafa skrifað fjölda bóka. Sundur og saman. Hvers vegna eru þau eiginlega að því? Hvað er svona merkilegt við bækur. Þurfa krakkar endilega að læra að lesa?

Í þessari dagskrá kynnumst við *Bétveimur* sem kemur utan út geimnum. Einnig birtist veran Vera sem reynist ekki bara vera vera heldur geimvera. Við heyrum líka um fleiri verur, sögur, ljóð, bækur, orð og myndir.

Sigrún Eldjárn hefur sent frá sér fjölda bóka fyrir börn, en fyrsta bók hennar, *Allt í plati*, kom út árið 1980. Sigrún myndskreytir allar sínar bækur sjálf en hún hefur auk þess myndskreytt fjölda bóka annarra höfundar. Fyrir ritstörf sín hefur hún hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar, m.a. Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar í þriðjanga, Menningarverðlaun VISA og Sögusteinn - barnabókaverðlaun IBY á Íslandi.

Þórarinn Eldjárn hefur sent frá sér fjölda ljóðabóka, smásagnasafna og skáldsagna og auk þess þýtt bókmenntaverk fyrir fullorðna og börn úr Norðurlandamálum og ensku, meðal annars þrjár bóka Góran Tunströms og Lísu í Undralandi eftir Lewis Carroll. Þórarinn hefur sent frá sér nokkrar ljóðabækur fyrir börn í samstarfi við systur sína, Sigrúnu Eldjárn, og hafa þær hlotið fjölmargar viðurkenningar.

Dagskráin hentar best 1. – 4. bekk

Lengd: 40 mín.

Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Flugur og framliðnir

Bryndís Björgvinsdóttir og Gerður Kristný bjóða lesendum í flugnafylgd til munkanna góðu í Nepal en slást líka í för með draugum um kirkjugarð, sjálfan Hólavallagarð.

Flugan sem stöðvaði stríðið segir frá fimm ósköp venjulegum húsfuglum sem ákveða einn daginn að flytjast búferlum til munkanna góðu í Nepal. Mannfólkinu finnst flugurnar ekki merkilegar verur en engu að síður tekst þeim að lokum það ótrúlega - að stöðva stríð! Bókin hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í fyrra og hlaut einróma lof gagnrýnenda, enda í senn fyndin og alvarleg.

Í *Garðinum* er sagt frá Eyju sem er nýflutt í Vesturbæinn gegnt Hólavallagarði. Pabbi hennar kaupir dularfullan stól og veikist í kjölfarið. Eyja veit að eitthvað illt býr í stólnum. Sem betur fer eignast hún góðan vin, hann Sölva sem er ólíkur flestum öðrum sem hún hefur kynnst. *Garðurinn* er með vinsælli bókum Gerðar Kristnýjar og hlaut Vestnorrænu barnabókaverðlaunin árið 2010.

Bryndís Björgvinsdóttir er þjóðfræðingur að mennt. *Flugan sem stöðvaði stríðið* er ekki fyrsta bók hennar því aðeins 15 ára gömul samdi hún barnabókina *Orð abelgur Ormars (ofurmennis)* ásamt vinkonu sinni og gaf Mál og Menning hana út árið 1997.

Gerði Kristnýju þarf vart að kynna en hún hefur samið um það bil 20 bækur og leikrit fyrir bæði börn og fullorðna. Á meðal bóka hennar er *Marta smarta*, *Ballíð á Bessatöðum* og *Blóðhófnir* sem fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2010.

Dagskráin hentar best 5. – 7. bekk

Lengd: 40 mín.

Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Morð og stríð

Rithöfundarnir Sindri Freysson og Ævar Örn Jóseppsson hafa morð og styrjaldir á samviskunnri en þykja þó fremur friðsamir og lífsglaðir menn allra jafna. Ævar Örn hefur lagt áherslu á sakamál í skáldverkum sínum sem gerast í nútímanum en seinustu tvær skáldsögur Sindra hafa haft hildarleik seinni heimsstyrjaldar að baksviði. Báðir eru þeir samt að kanna þróun og eðli íslensks samfélags þó að þeir nálgist það frá ólíkum tímasteiðum sögunnar. Sindri veltir fyrir sér dramatískum atburðum þegar nútíminn kom til Íslands og samfélagið og heimsmýndin gjörbreyttist og Ævar Örn spyr áleitinna spurninga um samtíma okkar, samfélag og mannlegt eðli. Hjá Ævari Erni eltist litríkt lögregluteymi við misgáfulegt glæpahyski, hjá Sindra gjörbreyttist líf og tilvera venjulegs fólks þegar það mætir grimmmum reglum stríðs og stórvelda og lífsháskinn verður áþreifanlegur.

Sindri Freysson hefur skrifað þrjár skáldsögur og hlaut sú fyrsta þeirra, *Augun í bænum*, Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness. Næstu tvær, *Flóttinn* og *Dóttir mæðra minna*, hlutu lof gagnrýnenda og vöktu mikla athygli. Hann hefur einnig sent frá sér nokkrar ljóðabækur, *Harði kjarninn* var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og *Í klóm dalalæðunnar* fékk Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2011.

Ævar Örn Jóseppsson hefur skrifað sex glæpasögur sem allar gerast í íslenskum nútíma. Þrjár þeirra, *Svartir Englar*, *Blóðberg* og *Land tækifæranna*, voru valdar besta, Íslenska glæpasagan á útgáfuárinu og tilnefndar til Glerlykilsins fyrir Íslands hönd. Sjónvarpsþáttaröðin *Svartir englar* var gerð eftir samnefndri bók og bókinni *Skítadjobb* og sýnd haustið 2008.

Dagskráin hentar best 8. – 10. bekk

Lengd: 40 mín.

Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Bókmenntaverkefnið Skáld í skólum hóf göngu sína haustið 2006. Er skemmst frá því að segja að grunnskólar landsins hafa tekið framtakinu fagnandi og eftirspurn farið vaxandi með hverju árinu. Frá upphafi hefur ólíkum höfundum verið stefnt saman og þeir undirbúið dagskrár sínar með ákveðna aldurshópa í huga. Fljótlega sýndi sig að haustannir henta mun betur en vorannir þegar höfundahéimsóknir eru skipulagðar og því hefur verið horfið frá því að láta verkefnið teygja sig fram eftir vetri. Á sex árum

hafa verið kynntar rúmlega þrjátíu mismunandi dagskrár undir merkjum verkefnisins og grunnskólarnir sem hafa notið þeirra eru á annað hundrað talsins.

Ennfremur er vert að minna á að margir höfundar bjóða upp skemmtilegar skóladagskrár, þar sem þeir fjalla um verk sín og ræða við nemendur um bókmenntir. Höfundamiðstöðin hefur milligöngu um að bóka slíkar heimsóknir og veitir líka aðstoð ef skólar, fyrirtæki eða stofnanir vilja standa fyrir ritlistarnámskeiðum, ráðstefnum eða öðrum viðburðum sem rithöfundar koma að.

Tímabil á haustönn:

22. október – 16. nóvember 2012

**Frestur til að panta dagskrár er til
25. september 2012**

Verð miðast við fjölda áhorfenda 200 krónur á hvern nemanda en lágmarksgreiðsla er þó kr. 20.000,-

Upplýsingar í síma 568 3190 • rsi@rsi.is • www.rsi.is/hofundamidstod

Höfundamiðstöð og Skáld í skólum njóta stuðnings menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.

